

Reykjavík, 2. nóvember 2006.

Einn af áhrifamestu stjórnámálamönnum á Íslandi eftir miðja síðustu öld var án vafa dr. Gylfi Þ. Gíslason. Þau mál sem dr. Gylfi beitti sér fyrir, hvort heldur var í efnahags- eða menntamálum báru öll vott um mikla framsýni hans.

Sem prófessor við Háskóla Íslands þá kenndi dr. Gylfi stórum hóp viðskipta- og hagfræðinga og stuðlaði þannig að framförum á þeim sviðum sem nemendur hans fóru síðan til starfa á.

Nú hafa nokkrir nemendur dr. Gylfa afráðið að láta mála mynd af honum til að færa Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands að gjöf, enda löngu tímabært að heiðra minningu hans þar með þessum hætti. Höfum við undirrituð tekið að okkur að gangast fyrir söfnun í þessu skyni.

Í samráði við fjölskyldu dr. Gylfa höfum við ráðið Vigni Jóhannsson listmálara til verksins og vonumst við til að geta afhent málverkið við fyrsta tækifæri.

Við leitum nú til þín eftir stuðningi við þetta framtak. Stofnaður hefur verið reikningur í nafni söfnunarinnar sem ber heitið „Málverk“ í Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands í Háskólabíói við Hagatorg. Reikningur söfnunarinnar er 0137-26-11494 og kennitalan er 44.09.85-0769. Til viðmiðunar þá gætu framlög einstaklinga legið á bilinu 1500-3000-5000 kr.

Ef einhverjar spurningar vakna um verkefnið þá biðjum við þig að hafa samband við einhvern undirritaðra sem munu fúslega veita frekari upplýsingar.

Með fyrirfram þökk og góðri kveðju,

Bolli Héðinsson
provint@simonmba.rochester.edu
Fs. 825-6454

Arndís Steinþórsdóttir
arndis.steinthorsdottir@sjr.stjr.is
Fs. 891-9848

Jón Þorsteinn Gunnarsson
jon@krichter.is
Fs. 897-7468